



# Stefna um hæfi

Júní 2026

## Efnisyfirlit

1. Tilgangur .....	2
2. Stefna Íslandsbanka .....	2
2.1. Hæfisskilyrði stjórnar, lykilstarfsmanna og bankastjóra .....	2
2.2. Sameiginlegt hæfi stjórnar og framkvæmdastjórnar .....	2
3. Hlutverk og ábyrgð .....	3
3.1. Tilnefningarnefnd .....	3
3.2. Stjórn .....	3
3.3. Bankastjóri .....	4
3.4. Innri endurskoðandi .....	4
3.5. Lykilstarfsmenn .....	4
3.6. Framkvæmdastjóri stefnumótunar og menningar .....	5
3.7. Áhættustefnunefnd .....	5
3.8. Ritari stjórnar .....	5
3.9. Framkvæmdastjóri regluvörslu .....	5



## 1. Tilgangur

1. Tilgangur stefnu þessarar er að skilgreina hæfisskilyrði stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna bankans, sem gilda við val á einstaklingum í framangreindar stöður og við gerð áætlunar um eftirmenn. Jafnframt að umgjörð um tilnefningar og ráðningar framangreindra einstaklinga sé í samræmi við viðeigandi lagakröfur, fyrirtækjamenningu og áhættuvilja bankans.
2. Stefnan er liður í skuldbindingu bankans um góða stjórnarhætti og miðar að því að draga úr rekstrar- og orðsporsáhættu bankans enda hæfi og heilindi framangreindra aðila grundvöllur heilbrigðra og eðlilegra viðskiptahátta bankans.

## 2. Stefna Íslandsbanka

3. Íslandsbanki leggur ríka áherslu á að stjórn, bankastjóri og lykilstarfsmenn bankans uppfylli á hverjum tíma viðeigandi hæfisskilyrði og að einstaklingar með fjölbreytta reynslu gegni störfum stjórnarmanna, bankastjóra og lykilstarfsmanna með það að markmiði að efla gæði ákvarðanatöku og áhættustjórnunar í samræmi við lög, reglur og góða stjórnarhætti.
4. Stjórn Íslandsbanka leggur áherslu á að stjórnarmenn, bankastjóri og lykilstarfsmenn fái viðeigandi fræðslu við upphaf starfs eða setu í stjórn. Einnig skulu þeir fá reglubundna og markvissa fræðslu og þjálfun, sem styður við einstaklingsbundið og sameiginlegt hæfi samkvæmt stefnu þessari. Í því skyni skal skilgreina árlega fræðsluáætlun fyrir stjórn og framkvæmdastjórn sem tekur mið af niðurstöðum hæfismats og breytingum á stefnu bankans, lögum og öðrum breytingum sem hafa áhrif á starfsemi bankans.
5. Mat á hæfi lykilstarfsmanna samkvæmt stefnu þessari skal framkvæmt í samræmi við reglur bankans um framkvæmd mats á hæfi og taka mið af hlutverk og ábyrgð viðkomandi í starfsemi bankans.

### 2.1. Hæfisskilyrði stjórnar, lykilstarfsmanna og bankastjóra

6. Stjórn og bankastjóri, og lykilstarfsmenn, aðrir en innri endurskoðandi, skulu, á hverjum tíma:
  - a. vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir og ekki hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota á síðustu fimm árum;
  - b. ekki hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað;
  - c. búa yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að sinna skyldum sínum, sem m.a. eru tilgreindar í stjórnarháttastefnu bankans.
  - d. hafa skilning á stjórnarháttum bankans og hlutverki sínu og skyldum. Jafnframt, eftir því sem við á, skulu þau hafa skilning á skipulagi bankans á samstæðugrunni og hugsanlegum hagsmunaaðrekstrum sem af því kunna að stafa; og
  - e. hafa gott orðspor, og hafa heiðarleika, heilindi og fagmennsku í fyrirrúmi.
7. Stjórnarmenn og bankastjóri skulu jafnframt vera sjálfstæðir í hugsun og verja fullnægjandi tíma í störf sín í þágu bankans.
8. Innri endurskoðandi skal á hverjum tíma uppfylla hæfisskilyrði 2. mgr. 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki og siðareglur alþjóðasamtaka innri endurskoðenda, eins og þær eru á hverjum tíma.

### 2.2. Sameiginlegt hæfi stjórnar og framkvæmdastjórnar

9. Samsetning stjórnar og framkvæmdastjórnar, hvorrar um sig, skal vera nægilega fjölbreytt til þess að endurspeglar þá þekkingu, færni og reynslu sem er þeim nauðsynleg til að sinna hlutverki sínu og m.t.t. menntunar, starfsreynslu, kyns og aldurs.



10. Ekkert kyn skal vera svo ráðandi í stjórn að hlutfall þess fari yfir 60%. Stefnt skal að því að ekkert kyn sé með yfir 60% hlutfall í framkvæmdastjórn.
11. Stjórn og framkvæmdastjórn skulu hvor um sig og sameiginlega búa yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja innviði og uppbyggingu bankans, þ.m.t. helstu áhættuþætti í starfsemi hans.
12. Stjórn og framkvæmdastjórn skulu, hvor um sig, vera hæfar til þess að taka viðeigandi ákvarðanir m.t.t. viðskiptamóðels, áhættuþátta, stefnu og á þeim markaði sem bankinn starfar.
13. Meirihluti stjórnarmanna skal vera óháður bankanum og daglegum stjórnendum hans. Að minnsta kosti tveir þeirra stjórnarmanna sem eru óháðir bankanum og daglegum stjórnendum bankans skulu jafnframt vera óháðir stórum hluthöfum bankans.

### 3. Hlutverk og ábyrgð

14. Hlutverkum og ábyrgð stjórnareininga í stjórnskipulagi bankans er lýst í Stjórnarháttastefnu Íslandsbanka. Í þessari stefnu er sértækum viðbótarhlutverkum og ábyrgð stjórnareininga lýst.

#### 3.1. Tilnefningarnefnd

15. Tilnefningarnefnd bankans hefur það hlutverk að tilnefna einstaklinga í stjórnarsetu í félaginu á aðalfundi félagsins, eða eftir atvikum á hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá í samræmi við starfsreglur tilnefningarnefndar sem samþykktar eru af hluthafafundi. Í samræmi við starfsreglur nefndarinnar leggur tilnefningarnefnd mat á framboð til stjórnar sem nefndinni berast eigi síðar en 30 dögum fyrir aðalfund og 20 dögum fyrir hluthafafund, nema að til fundarins hafi verið boðað með skemmri fresti. Tilnefningarnefnd leggur ekki mat á framboð sem berast eftir framangreint tímamark.

#### 3.2. Stjórn

16. Stjórn ber ábyrgð á að tryggja að stjórnarmenn, stjórn sameiginlega sem heild, bankastjóri og innri endurskoðandi uppfylli viðeigandi hæfisskilyrði fyrir starf sitt í bankanum á hverjum tíma.
17. Stjórn ber ábyrgð á mati á hæfi einstakra stjórnarmanna og sameiginlegu hæfi stjórnar í kjölfar stjórnarkjörs, þrátt fyrir að tilnefningarnefnd kunni að hafa framkvæmt hæfismat á frambjóðendum í aðdraganda þess. Slíku mati skal, í síðasta lagi, lokið innan mánaðar frá stjórnarkjöri.
18. Stjórn leggur a.m.k. árlega mat á sameiginlegt hæfi stjórnar, hæfi stjórnarmanna, bankastjóra og innri endurskoðanda. Lagt er mat á hæfi nýs stjórnarmanns þegar hann tekur sæti í stjórn bankans. Mat á hæfi bankastjóra og innri endurskoðanda skal vera framkvæmt og liggja fyrir við ráðningu.
19. Stjórn skal hafa viðvarandi eftirlit með hæfi stjórnarmanna, bankastjóra, innri endurskoðanda, og stjórnar sem heildar, og grípa til endurmats á hæfi þeirra þegar ný atvik eða upplýsingar gefa tilefni til þess, þá m. verulegar breytingar á starfsemi eða áhættusniði bankans, breytingar á hlutverki og ábyrgð, breytingar á samsetningu stjórnar, eða aðrar aðstæður sem geta haft áhrif á orðspor, hæfi samkvæmt framangreindu, og í tilviki stjórnar og bankastjóra, nýjar upplýsingar sem hafa neikvæð áhrif á mat á hvort viðkomandi aðilar hafi fullnægjandi tíma til starfans.
20. Ef hæfismat leiðir í ljós annmarka sem krefjast úrbóta skal stjórn taka ákvörðun um nauðsynlegar úrbætur innan hæfilegs tíma með hliðsjón af eðli annmarka og áhrifum þeirra á stjórnarhætti, áhættustýringu og starfsemi bankans.
21. Megi með einföldum hætti bæta úr minniháttar annmörkum varðandi þekkingu, hæfni og reynslu skal stjórn taka ákvörðun um viðeigandi ráðstafanir þar að lútandi innan hæfilegs tíma. Þetta á þó ekki við þegar um er að ræða hæfiskilyrði sem varða orðspor, heiðarleika eða heilindi.



22. Leiði hæfismat í ljós annmarka á hæfi stjórnarmanns, bankastjóra, eða innri endurskoðanda, sem ekki má bæta úr samkvæmt ákvæði 19 að framan, skal stjórn tilkynna viðkomandi um það.
23. Stjórnarmenn skulu upplýsa stjórn um breytingar sem geta haft áhrif á hæfi þeirra og afhenda nauðsynleg gögn og upplýsingar vegna mats á hæfi, sé þess óskað.

### 3.3. Bankastjóri

24. Bankastjóri leggur mat á hæfi annarra lykilstarfsmanna en innri endurskoðanda. Mat á hæfi lykilstarfsmanna skal liggja fyrir við ráðningu.
25. Bankastjóri hefur viðvarandi eftirlit með sameiginlegu hæfi framkvæmdastjórnar og hæfi annarra lykilstarfsmanna en innri endurskoðanda og endurmetur hæfi þeirra þegar ný atvik eða upplýsingar gefa tilefni til þess, þ á m. verulegar breytingar á starfsemi eða áhættusniði bankans, breytingar á hlutverki og ábyrgð, breytingar á samsetningu framkvæmdastjórnar, eða aðrar aðstæður sem geta haft áhrif á orðspor og hæfi samkvæmt framangreindu.
26. Bankastjóri skal a.m.k. árlega leggja mat á sameiginlegt hæfi framkvæmdastjórnar.
27. Ef hæfismat leiðir í ljós annmarka sem krefjast úrbóta skal bankastjóri taka ákvörðun um nauðsynlegar úrbætur innan hæfilegs tíma með hliðsjón af eðli annmarka og áhrifum þeirra á stjórnarhætti, áhættustýringu og starfsemi bankans.
28. Megi með einföldum hætti bæta úr minniháttar annmörkum varðandi þekkingu, hæfni og reynslu skal bankastjóri gera kröfur um viðeigandi ráðstafanir þar að lútandi innan hæfilegs tíma. Þetta á þó ekki við þegar um er að ræða hæfiskilyrði sem varða orðspor, heiðarleika eða heilindi.
29. Bankastjóri skal upplýsa stjórn og framkvæmdastjóra regluvörslu um niðurstöður mats á hæfi framkvæmdastjórnar og lykilstarfsmanna samkvæmt stefnu þessari.
30. Leiði hæfismat í ljós annmarka sem ekki má bæta úr samkvæmt ákvæði 26 að framan, skal bankastjóri tilkynna viðkomandi og framkvæmdastjóra regluvörslu um það án tafar. Varði slík tilkynning annmarka á hæfi framkvæmdastjóra regluvörslu skal bankastjóri hafa með höndum slíka tilkynningu FME.
31. Bankastjóri skal upplýsa framkvæmdastjóra regluvörslu um breytingar á lykilstarfsmönnum.
32. Bankastjóri skal taka mið af stefnu þessari við gerð áætlunar um eftirmenn.
33. Bankastjóri skal upplýsa stjórn um breytingar sem geta haft áhrif á hæfi hans og afhenda nauðsynleg gögn og upplýsingar vegna mats á hæfi, sé þess óskað.

### 3.4. Innri endurskoðandi

34. Innri endurskoðandi skal hafa eftirlit með skilvirkni stefnunnar, uppbyggingu hennar og innleiðingu.
35. Innri endurskoðandi skal upplýsa stjórn um breytingar sem geta haft áhrif á hæfi hans og afhenda nauðsynleg gögn og upplýsingar vegna mats á hæfi, sé þess óskað.

### 3.5. Lykilstarfsmenn

36. Lykilstarfsmenn, aðrir en innri endurskoðandi, skulu upplýsa bankastjóra um breytingar sem geta haft áhrif á hæfi þeirra og afhenda nauðsynleg gögn og upplýsingar vegna mats á hæfi, sé þess óskað.



### 3.6. Framkvæmdastjóri stefnumótunar og menningar

37. Framkvæmdastjóri stefnumótunar og menningar skal skilgreina reglur um framkvæmd mats á hæfi lykilstarfsmanna samkvæmt stefnu þessari til samþykktar fyrir áhættustefnunefnd.
38. Framkvæmdastjóri stefnumótunar og menningar skal sjá til þess að nýkjörnir stjórnarmenn, nýráðinn bankastjóri eða lykilstarfsmenn fái allar lykilupplýsingar um starfsemi bankans og rekstur, lögbundnar skyldur þeirra og ábyrgð, við upphaf starfs og aðlögun þeirra í samræmi við stefnu þessa sé lokið innan 6 mánaða frá ráðningu.
39. Ár hvert skal framkvæmdastjóri stefnumótunar og menningar, í samráði við stjórn og bankastjóra, setja saman tillögu að fræðsluáætlun bæði fyrir stjórn og framkvæmdastjórn bankans sem byggir á hæfismati samkvæmt stefnu þessari.
40. Framkvæmdastjóri stefnumótunar og menningar aðstoðar stjórn og bankastjóra við framkvæmd hæfismats, í samræmi við reglur bankans um framkvæmd mats á hæfi, aftar viðeigandi gagna, leggur mat á áreiðanleika þeirra og skal tryggja að niðurstöður þess séu skjalfestar með viðeigandi hætti.

### 3.7. Áhættustefnunefnd

41. Áhættustefnunefnd samþykkir reglur um framkvæmd mats á hæfi lykilstarfsmanna samkvæmt stefnu þessari.

### 3.8. Ritari stjórnar

42. Ritari stjórnar skal upplýsa framkvæmdastjóra regluvörslu um niðurstöður mats á hæfi sem framkvæmt er af hálfu stjórnar samkvæmt stefnu þessari.

### 3.9. Framkvæmdastjóri regluvörslu

43. Framkvæmdastjóri regluvörslu hefur með höndum samskipti við eftirlitsaðila í tengslum við stefnu þessa og skal, að fengnum niðurstöðum um mat á hæfi frá bankastjóra og ritara stjórnar, upplýsa FME um eftirfarandi:
  - a. niðurstöður mats á hæfi nýrra stjórnarmanna, nýráðins bankastjóra og nýráðinna æðstu yfirmanna eftirlitseininga og framkvæmdastjóra fjármála.
  - b. niðurstöður mats á sameiginlegu hæfi stjórnar a.m.k. árlega.
  - c. annmarka á hæfi stjórnar, einstakra stjórnarmanna, bankastjóra, eða yfirmanna æðstu eftirlitseininga og framkvæmdastjóra fjármál, sem ekki má bæta úr e.a. samkvæmt ákvæðum 19 og 26 og mótvægisaðgerðir bankans í tilefni af slíkum annmörkum, án tafar.
44. Framkvæmdastjóri regluvörslu skal veita endurgjöf á mótun stefnunnar og hafa eftirlit með að framkvæmd hennar sé í samræmi við viðeigandi lög, reglur og innra verklag bankans. Framkvæmdastjóri regluvörslu upplýsir stjórn reglulega um niðurstöður sínar samkvæmt framangreindu.

